

## Umsögn um frumvarp til laga um sviðslistir

150. löggjafarþing 2019–20120.  
Þingskjal 305 — 276. mál.

Stjórn Félags leikstjóra á Íslandi hefur fjallað um nýtt frumvarp til laga um sviðslistir og sendir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hér með umsögn um tiltekna þætti málsins. Stjórn FLÍ ítrekar það sjónarmið sitt að mikilvægt sé að fá ný lög um sviðslistir, en telur þó að gagnlegt væri að horfa heildstætt yfir lagaumhverfi menningar og lista með það að markmiði að samræma grundvallarþætti laga og reglna um listir og menningartengda starfsemi. Lagaumhverfið er sundurleitt og augljóst að nokkuð vantar upp á að stjórnsýsla málaflokksins sé samhæfð. Í því sambandi mætti skoða ályktanir frá Bandalagi íslenskra listamanna um sjálfstætt ráðuneyti menningarmál, auk þess sem mikilvægt er að þingmenn kalli eftir stefnu og framtíðarsýn stjórnvalda í málafllokki 18 í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, en fullnægjandi stefna hefur enn ekki verið lögð fram svo sem lög um opinber fjármál mæla fyrir um.

Í því frumvarpi sem nú er lagt fram af mennta- og menningarmálaráðherra hafa verið gerðar nokkrar breytingar frá því frv. sem lagt var fram í á síðsta löggjafarþingi. Það er mat stjórnar FLÍ að þær séu flestar til bóta, en þó eru nokkrir mikilvægir þættir málsins sem nauðsynlegt er að allsherjar- og menntamálanefnd skoði gaumgæfilega áður en málið verður sent aftur til þingsins.

### 3. gr. um helstu verkefni Þjóðleikhússins

Breyta mætti næst síðasta málslið greinarinnar þar sem segir: *...uppsett verk ætluð börnum*. Betur færi á að nota orðalagið *...boðið upp á verk ætluð börnum*.

Aths. við lokamálslið, þar er missir af mikilvægum þætti í hlutverki lykilstofnana á vettvangi sviðslista í heiminum, þ.e. leikferðir til útlanda. Í gildandi leiklistarlögum 5. gr. segir: *Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa*. Það er mat stjórnar FLÍ að mikilvægt sé að þessi lagaskylda standi óbreytt, með henni er viðurkennt mikilvægi þess að íslenskt sviðslistafólk fái að bera sína list á borð fyrir erlenda leikhúsgesti og fái hingað til lands erlenda listamenn af vettvangi sviðslistanna. Slíkt er nauðsynlegur þáttur í þroska og farmþróun listgreinarinnar.

### 4. gr. um Þjóðleikhússtjóra og 11. gr. um listdansstjóra

Fyrst ber að fagna því að loksins skuli hafa verið ákveðið að takmarka á ný ráðningu Þjóðleikhússtjóra við tvö ráðningartímabil, það hefur verið vilji fagfélaga sviðslistafólks um langt árabíl, raunar alveg frá því að ákveðið var að afnema slíkt þak með núgildandi lögum frá 1998. En með þeirri breytingu sem nú er gerð verður enn marklausari en áður lagaskyldan um að starfið skuli auglýst laust til umsóknar þegar fyrra tímabili leikhússtjóra lýkur og vekur athygli að engin rök er að finna fyrir þeirri ráðstöfun í greinargerð með frv. frekar en áður.

Ákvörðun um það hvort endurnýja skuli samning við sitjandi Þjóðleikhússtjóra ætti að taka á vettvangi Þjóðleikhúsráðs sem er stjórnarnefnd leikhússins. Í reglum sem Þjóðleikhúsráð setur sér skv. lögnum ætti að vera ákvæði um að þegar fjögur ár eru liðin af fyrra ráðningartímabili Þjóðleikhússtjóra skuli Þjóðleikhúsráð fjalla um það með formlegum hætti hvort ráðið hyggist mæla með því við ráðherra að samningur við leikhússtjóra verði framlengdur um fimm ár eða hvort auglýst skuli eftir nýjum leikhússtjóra. Enda er það varla forsvaranlegt að leggja út í dýrt og tímafrekt ráðningarferli ef vilji Þjóðleikhúsráðs og ráðherra stendur til þessa að framlengja samning við farsælan leikhússtjóra, slíkt væri hvorki sanngjarnt gagnvart leikhústjóranum sjálfum né þeim sem í góðri trú myndu sækja um stöðuna. Auk þess setur sá ráðahagur alla starfsemi hússins í uppnám svo mánuðum skiptir, starfsemi Þjóðleikhússins er of viðkvæm til að þola slíkt. Loks vegur þungt í þessu sambandi breytingin á skipan Þjóðleikhúsráðs sem nú verður skipað úr faggeiranum að meiri hluta til og því eðlilegt að ráðið axli þessa ábyrgð. Svo kann að vera tilefni til að ræða hvort ekki sé löngu tímabært að allar stöður forstöðumanna ríkisstofnana takmarkist við tvö ráðningartímabil, en það skal ekki rætt nánar hér.

**Það er tillaga stjórnar Félags leikstjóra á Íslandi að lokamálsliður 1. mgr. 4. gr. verði felldur niður.**

Sömu álitafni eru uppi varðandi starf listdansstjóra Íslenska dansflokksins, sem skv. 11. gr. frv. og er lagt til hér að 3. málsliður 3. mgr. 11. gr verði felldur niður með sömu rökum.

Þessu atriði til áréttingar birtum við hér töflu sem fylgdi umsögn stjórnar FLÍ á vorþingi 2019 og spyrjum hvort ekki sé rétt að huga að samræmi milli ráðninga sambærilegra forstöðumanna:

Embætti:	Hver ræður:	Tímabi:	Hvenær auglýst:	Tímamörk á ráðningu:
Kvikmyndamiðstöð	Ráðherra	5 ár í senn	Í valdi ráðherra	Tvö 5 ára tímabil
Listasafns Íslands	Ráðherra	5 ár í senn	Í valdi ráðherra	Tvö 5 ára tímabil
Listdansstjóri	Ráðherra	5 ár í senn	Við lok hvers tímabils	Tvö 5 ára tímabil
Miðst.isl.bókmennta	Stjórn	-	Í valdi stjórnar	Engin takmörk
Sinfóniuhljómsv.Íslands	Stjórn	4 ár í senn	Í valdi stjórnar	Engin takmörk
Stofnun Árna Magnússonar	Ráðherra	5 ár í senn	Í valdi ráðherra	Engin takmörk
Þjóðleikhússtjóri	Ráðherra	5 ár í senn	Við lok hvers tímabils	Engin takmörk Skv. frv. tvö 5 ára tímabil
Þjóðminjasafn Íslands	Ráðherra	5 ár í sinn	Í valdi ráðherra	Engin takmörk
Listahátíð í Rvk listrænn stj*	Stjórn	4 ár í senn	Í valdi stjórnar	Tvö 4ra ára tímabil
Listaháskóli Ísl. rektor*	Stjórn	5 ár í senn	Í valdi stjórnar	Tvö 5 ára tímabil

\*Sjálfsseignarstofnun, sem ekki er fylgilega sambærileg en er getið er hér til samanburðar

## 5. gr. um Þjóðleikhúsráð og 12. gr. um listdansráð

Ástæða er til að fagna breytingum sem frv. gerir ráð fyrir á skipan Þjóðleikhúsráðs og að nú skuli fagfélög innan sviðslista fá það hlutverk að tilnefna þrjá af fimm fulltrúum í ráðið. Sú ráðstöfun er líkleg til að efla skoðanaskipti innan ráðsins og skila sér í styrkari faglegri ráðgjöf um eftirfylgni laga og almennt um starfsemi hússins. Því er einnig fagnað að greinin skuli hafa tekið breytingum frá því málið var lagt fram á vorþingi 2019. Varðandi þann vettvang sem fagfélög í sviðslistum munu nýta til að sinna þessum skyldum sínum er rétt að mæla með því við allsherjar- og menntamálanefnd að tekið verði fram í nefndaráli að verkefnið verði falið þeim fagfélögum sviðslistafólks sem um þessar mundir eiga sæti í Sviðslistasambandi Íslands. Það sama á við um listdansráð skv 11. gr. frv.

## 6. gr. og 13. gr. um samstarf

Samkvæmt 6. gr. er lögð ný lagaskylda á stjórnendur Þjóðleikhússins með síðari málslið 2. mgr. sem fjallar um listuppeldi og fræðslustarf. Í því sambandi vill stjórn FLÍ benda nefndarmönnum í allsherjar- og menntamálanefnd á aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna, sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneyti í október 2014, en þar er gert ráð fyrir að komið verði á formlegum samstarfsvettvangi leiðandi ríkisrekinna menningarstofnana um starfsemi tengda börnum og ungmennum. Með þessari nýju lagaskyldu sem orðuð er í 6. gr. frv. væri upplagt að hvetja mennta- og menningarmálaráðuneytið til að stofna þennan vettvang með formlegum hætti, en því verkefni hefur því miður ekki verið sinnt þrátt fyrir áform í aðgerðaáætluninni.

<https://brunnur.stir.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=07B2387B878E56C400257D9400585B95&action=openDocument>

Ákvæðið í 13. gr. er einnig nýtt, en það eru raunar öll ákvæðin um Íslenska dansflokkinn og sér stjórn FLÍ ástæðu til að fagna því sérstaklega að nú skuli Íslenski dansflokkurinn loksins fá löngu tímabæran sess í íslenskri löggjöf.

## 15. gr. um sviðslistaráð

Greinin gerir ráð fyrir að Sviðslistasamband Íslands tilnefni tvo af þremur fulltrúum í sviðslistaráð til þriggja ára í senn og er það breyting frá því sem nú er. Hér þarf að hafa í huga að mikilvægasta verkefni sviðslistaráðs verður að gera tillögur um stuðning við alla sjálfstæða leiklistarstarfsemi. Við slíkt verkefni þarf að forðast hagsmunaárekstra milli sjálfstæðu leikhúsanna og stofnanaleikhúsanna, sem sitja jafnrétt há í Sviðslistasambandi Íslands. Slíkt verður best tryggt með því að breyta 2. málslið greinarinnar og fela *fagfélögum sviðslistafólks* það hlutverk að tilnefna tvo fulltrúa í sviðslistaráð.

## 16. gr. um hlutverk sviðslistaráðs

Rétt er að skoða hlutverk ráðsins í ljósi þeirra breytinga sem nauðsynlegt er að gera á 15. gr. og velta upp þeim möguleika að stafliður a) verði felldur niður, þá eru einungis eftir þeir liðir sem varða málefni sviðslistasjóðs. Ráðgjöf sína um málefni sviðslista almennt getur ráðherra svo sótt til Sviðslistasambands Íslands eða vettvangs fagfélaga sviðslistafólks.

## 17. gr. um sviðslistasjóð

Í þessari grein er margt sem þarf að athuga, í fyrsta lagi þarf að strika út þá fráleitu hugmynd að steypa stuðningi við leikfélög áhugamanna inn í sviðslistasjóð, enda lýtur starfsemi þeirra allt öðrum lögmálum en atvinnustarfsemi í listgreininni. Stjórn FLÍ er kunnugt um að Bandalag ísenskra leikfélaga hefur sent nefndinni tillögu um að þetta verði lagað og að fyrirkomulagið sem áhugafélögin hafa starfað eftir fram að þessu fái að standa óbreytt. Þá tillögu Bandalagsins styður stjórn FLÍ.

Í öðru lagi er fráleitt að ætla sviðslistasjóði að fjármagna önnur verkefni en þau sem sviðslistahópar atvinnumanna hyggjast setja á svið, svo fráleit er hugmyndin að greinargerðin með frv. gefur engar vísbendingar um hvers konar verkefni hér gæti verið um að ræða. Í ljósi þessa er það tillaga stjórnar FLÍ að 1. mgr. 17. gr. hljóði þannig: *Hlutverk sviðslistasjóðs er að efla íslenskar sviðslistir með því að veita styrki til verkefna sjálfstæðra sviðslistahópa í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins sbr. 16. gr.*

Innan sviðslistageirans hafa málefni sviðslistasjóðs lengi verið til umræðu, meðal hugmynda er að skapa honum svipaða umgjörð og kvikmyndasjóður starfar eftir, enda hlýtur sjóðurinn að teljast rýr miðað við alla þá grósku sem er í starfsemi sviðslistahópa undir hatti Sjálfstæðu leikhúsanna. Slík umræða er þó ekki komin á það stig að kallað sé eftir lagabreytingum þar um, en eitt gæti Alþingi lagt af mörkum til að sýna skilning á veikri stöðu sjóðsins, það er að breyta fyrri málslið 3. mgr. 17. gr.

Þannig að kostnaður af starfsemi sviðslistaráðs greiðist úr ríkissjóði, en ekki úr sviðslistasjóði, enda er slíkt í fullu samræmi við það sem tíðkast hefur skv. núgildandi lögum. Leggist nefndin ekki gegn þessari breytingu sem frv. gerir ráð fyrir er hún að leggja til afar sársaukafullan niðurskurð á framlögum til sjálfstæðrar sviðslistastarfsemi og er nóg að gert í þeim efnum í fjárlögum þar sem aðhaldskrafa er sett á sjóðinn, sem er óskiljanlegt í ljósi þess að sjóðurinn stundar engan rekstur. Það er tillaga stjórnar FLÍ að fyrri málsliður 3. mgr. 17. gr. hljóði svo: *Þóknun fulltrúa í sviðslistaráði og annar kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði.*

#### **18. gr. um kynningarmiðstöð sviðslista**

Ákvæði 18. gr. frv. gefur fyrirheit um stofnun kynningarmiðstöðvar íslenskra sviðslista, en ekki er að sjá í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar að slík stofnun verði fjármögnuð á næstu árum. Stjórnvöldum er fullkunnugt um áralanga baráttu sviðslistafólks fyrir því að kynningarmiðstöð sviðslista verði komið á laggirnar, enda eru sviðslistirnar eina listgreinin sem ekki státar af slíkri miðstöð í dag. Það er því löngu tímabært að sviðslistunum verði tryggð sömu skilyrði og aðrar listgreinar búa við í þessum efnum. Það er sviðslistunum nauðsynlegt að eiga samskipti þvert yfir landamæri og á seinni árum hafa möguleikarnir á slíkum samskiptum aukist hratt, m.a. með tilkomu framfara í þýðingartækni, þannig er tungumáláþátturinn ekki lengur sú hindrun sem mögulega var til staðar til skamms tíma. Íslenskir dansarar hafa, þrátt fyrir ófullnægjandi skilyrði, borið hróður íslenskrar danslistar víða enda er atvinnuumhverfi dansara afar alþjóðlegt og tímabært að stjórnvöld veiti nauðsynlegum fjármunum til þess þáttar í starfi dansara. Það er löngu ljóst að sviðslistirnar sjálfar hafa ekki bolmagn til að koma kynningarmiðstöð greinarinnar á legg, slíkt verður aðeins gert með atbeina stjórnvalda og til þess þyrfti ákvæðið í frumvarpinu að vera afdráttarlausara og lýsa með efnislegum hætti inntaki þess starfs sem slíkri miðstöð væri ætlað að sinna, en í allra minnsta lagi þyrfti að breyta orðunum „*Ráðherra er heimilt....*“ í „*Ráðherra skal...*“

Loks ítrekar stjórn Félags leikstjóra á Íslandi ánægju sína með að frumvarpið skuli vera komið til umfjöllunar í þinginu, sérstaka ánægju vekja ákvæðin um Íslenska dansflokkinn og um það að setja skuli á laggirnar nefnd sem falið verði að gera tillögur um stofnun þjóðaróperu.

Reykjavík 18. nóvember 2019

f.h. stjórnar Félags leikstjóra á Íslandi

Kolbrún Halldórsdóttir, formaður